



Hrekkjavakan á Selfossi heppnaðist vel

Fullt tunglið óð í skjúnunum þegar allskyns furðuverur í öllum stærðum gengu um á Selfossi á laugardagskvöldið 31. október sl. Nokkrir atorkusamir einstaklingar höfðu sett upp ratleik sem reyndist hinn vinsælasti. Börn og fullorðnir fóru um í ratleiknum sem var þannig gerður að engin sneriting eða nálægð við aðra þurfti að eiga sér stað. Samhlíða þessu lögðu íbúar í þúkk og skreyttu umhverfið með tilheyrandi hætti. Á skógarstígnum milli Berghóla og Lambhaga lágu beina-grindur ofanjarðar og draugar héngu á trjám. Börnin fóru í humátt á eftir hinum eldri og könnuðu drungann. -gpp



Árspaning SASS fór fram á netinu

Þessi misserin var árspaning SASS haldið með frekar óhefðbundnu sniði. Þátttakendur á þinginu voru með fjarfundabúnað, en þingið fór að öllu leyti fram á netinu. Við fengum að gægjast inn þegar leikar stóðu sem hæst, en í ræðupólitinu er Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra að stýra fundinum með glæsibrag í höfuðstöðvum SASS við Austurvegin á Selfossi. Óhætt er að segja að þar hafi verið fámennt. „Heilt yfir gekk ráðstefnan afar vel og allt gekk upp,“ segir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS í samtali við blaðið.

Rut og Björn hrepptu Menningarverðlaun Suðurlands 2020

Árspaningi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldið var í fjarfundi dagana 29. og 30. október, var Rut Ingólfssdóttur og Birni Bjarnasyni að Kvoslæk í Fljótshlíð veitt Menningarverðlaun Suðurlands 2020. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi. Er þetta í annað sinn sem verðlaunin eru veitt. Alls skiluðu sér inn 15 tilnefningar um 12 verkefni. Samkeppni um verðlaun af þessu tagi er mikil enda menningararlíf á Suðurlandi blómlegt og valið var því erfitt. Mikil breidd var í tilnefningum og gæðum þeirra. Tilnefningarnar eru aðeins toppurinn á ísjakanum í því mikla menningarstarfi sem á sér stað í fjórðungnum.

Rut og Björn hafa staðið fyrir menningarviðburðum á borð við tónleika og fyrirlestraraðir frá árinu 2011. Tónleikarnir eru klassískir eðlis og hafa Rut og Björn fengið til liðs við sig fólk bæði úr heimahéraði sem og af höfuðborgarsvæðinu til að flytja fyrir gesti tónverk eftir nokkra þekktu Íslendinga og Bach, Mozart, Mendelssohn svo eitt-hvað sé nefnt. Rut hefur auk þess átt í samstarfi við kirkjukóra frá Breiðabólstað og frá Odda og Þykkvabæ og hélt hópurnir tónleika í þremur kirkjum á Suðurlandi. Hafa Rut og Björn lagt sig fram um að efla tónlistarstarf í sveitarfélaginu og hafa t.a.m. boðið nemendum Tónlistarskóla Rangæinga á tónleika, sem haldnir hafa verið í Hlöðunni

ad Kvoslæk, til að hvetja þau til frekara tónlistarnáms. Klassíska tónlistin sem ómar frá Kvoslæk lyftir fólki og menningunni með og stuðla þau Rut og Björn að fjölbreyttri menningarupplifun í sveitarfélaginu sem og Suðurlandi.

Segir í rökstuðningi dómnefndar að hjónin á Kvoslæk hafi með drifkrafti sínum og eljusemi vakið verðskuldaða athygli á metnaðarfullum menningarviðburðum og hafi komið með ferskan innblástur í menningarlífið á staðnum. Menningarstarfsemi þeirra hafi vakið eftirtekt fyrir fjölbreytni og gefið jákvæða mynd af sunnlenskrum menningu. Viðburðir þeirra hafi stuðlað að þátttöku íbúa á Suðurlandi og um leið laðað gesti að



landshlutanum. Fyrirlestrarnir hafi í flestum tilvikum fjallað um efni sem tengjast Suðurlandi

og þannig hafi þau einnig vakið athygli á menningararfi Sunnlendinga.

Pípulagnir Helga er framúrskarandi fyrirtæki árið 2020

Við þökkum viðskiptavinum og starfsfólki kærlega fyrir.

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656




JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



Jólin nálgast og því bjóðum við 20% afslátt af öllum vörum miðvikudag 4.11 - laugardagsins 14.11. Við minnum á vefinn okkar og fjöldatakmörkun í verslun er 10 manns.

Motivo.is

Hönnun, tískva og aqafavara

Austurvegi 9 Selfossi S.482 1700 Motivo.is

Það eru
50 DAGAR
til jóla



Uppalin við sjó en býr við Heklurætur

Öldufax – sjónarrönd af landi

– Náttúran og sagan í nýrri ljóðabók Valgerðar Kr. Brynjólfsdóttur

Kynslóðir sem koma og fara, fortíð og nútíð, sambýli manns og náttúru. Allt eru þetta yrkisefni í nýrri ljóðabók eftir Valgerði Kristínu Brynjólfsdóttur sem bókaforlagið Sæmundur gefur út. Bókin sem nefnist *Öldufax – Sjónarrönd af landi* hefur að geyma um 50 ljóð. Valgerður hefur áður birt greinar um bókmenntir og ljóð í tímaritum. Undanfarnin ár hefur hún búið og starfað á Leirubakka á Landi þar sem hún, ásamt fjölskyldu sinni, rekur fjölbætta ferðaþjónustu.

Valgerður segir að Covid-faraldurinn hafi vissulega breytt miklu og margt sé nú á annan veg en áður, vegna hans. „Bókin *Öldufax* hefði líklega ekki komið út núna nema vegna þess að það gáfust fleiri stundir en venjulega, í þessu mikla óláni sem faraldurinn er. Ljóðin hafa orðið til smám saman á mörgum árum en nú gafst tómi til að safna þeim saman og koma til útgáfu,“ sagði Valgerður í stuttu spjalli við Dagskrána.

Veturinn er tími skáldskap-

arins: „Það er mikill munur á verkefnum eftir árstíðum. Þótt alltaf sé í nógu að snúast á stað eins og Leirubakka erum við utan alfaraleiðar hluta ársins. Á þeim tíma hefur verið minna um að vera í ferðaþjónustunni og þá hef ég notað tækifærið að njóta þess sem landið hefur upp á að bjóða. Hér erum við í miklu návígi við náttúruna, ekki aðeins við Heklu og hin stóru náttúruöfl, heldur einnig hið smáa sem birtist í fjölbreytilegum gróðri og fuglalífi allt um kring. Ég geng mikið um nágrennið og hef reynt að miðla því í ljóðum mínum hvernig ég skynja hina algeru vetrarkyrrð hér á hrauninu og lýsa gleðinni sem gagntekur alla þegar lífið kviknar á vorin og loftið fyllist af fuglasöng.“

Yrkisefni Valgerðar eru einnig tengd sögunni sem segja má að sé í ríkum mæli að finna á Leirubakka og í nágrenni staðarins. „Hér er sagan við hvert fót-mál,“ segir hún, „á Leirubakka hefur líklega verið búið í meira en þúsund ár og hér var kirkja í margar aldir. Hekla hefur auð-

vitað haft áhrif á allt héraðið og um tíma var jafnvel tæpt að hér héldi byggð velli þegar sandstormar æddu yfir og hver bærinn á fætur öðrum fór í eyði í Landsveitinni.“

Í bókinni *Öldufax* eru líka dregnar upp myndir af lífinu við sjávarsíðuna. „Þetta eru að hluta til minningar úr æsku minni en ég ólst upp á Bíldudal í Arnarfirði. Ég hef líka reynt að setja mig í spor formæðra minna og forfeðra. Ég fjalla um lífið við sjóinn, tilveru fólksins sem átti allt sitt undir óblíðum nátturuöflum og hvernig hörmuleg sjóslys hafa markað líf margra kynslóða.“

Í síðari hluta bókarinnar er efnis leitað út fyrir landsteinana því sum ljóðin tengjast því sem hefur verið að gerast í veröldinni undanfarið, ekki síst örlögum kvenna og barna á flótta um allan heim. „Enginn getur verið ósnortinn af því sem við verðum daglega vitni að í fjölmiðlum,“ segir Valgerður. „Kvöldfréttir verða stundum kveikja að ljóði.“

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

UNDRALAGNIR

ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768

UNDRALAGNIR@GMAIL.COM

JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAEMEISTARI

FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

BJARKARBRAUT 18

Hafsteinn Þorvaldsson
GSM 891 8891
hafsteinn@fasteignasalan.is



*** BJARKARBRAUT 18 - REYKHOLTI VERÐ 55,9M ***

Vandað og reisulegt 151,6 fm fimm herbergja einbýlishús með 59,1 fm sambyggðum bílskúr samtals 210,7 fm byggt árið 2005 og stendur húsið á 1.420 fm lóð við Bjarkarbraut í Reykholti. Að utan er húsið klætt með steni og hvítt járn er á þaki. Húsið stendur hátt í landinu og er fallett útsýni m.a. til Heklu. Garður er snyrtilegur, drennólí í bílaglani, stór upphituð stímpilsteyppt vernd með skjólgirðingu, útisturtu og heitum potti. Húsið er tilbúið til afhendingar við kaupsamning.

Í alla staði vel skipulögð, snyrtileg og vönduð eign staðsett í barnvænu umhverfi þar sem stutt er í leik- og grunnskóla. Verð 55,9 m

FRM - from.is

Nánari upplýsingar veitir Hafsteinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteigna-, og skipasali s. 891-8891 og 512-3400, hafsteinn@fasteignasalan.is

Fasteignasalan Bær • Ögurharvi 6 • 203 Kópavogur
Austurvegur 26 • 800 Selfoss





HAUSTGLEÐI

Bjóðum 21% afslátt af vörum okkar til 8. nóvember

Afslátturinn gildir einnig í netverslun okkar tiskuverslun.is
Afsláttarkóðinn er Haust20.

Tilvalið að gera
jólainnkaupin
snemma

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyraveggi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Það styttist, það styttist í bjartari tíma

Áður en verulega fór að halla á í baráttunni við veiruna og tilmæli um að takmarka ferðalög um landið komu fram átti ég góða ferð frá Höfn í Hornafirði til höfuðborgarinnar. Það var ánægjuleg ferð og gaman að sjá þær miklu umbætur sem standa yfir eða eru í undirbúningi á hringveginum sem sker Suðurland. Það var líka einstaklega gaman að heimsækja þá sem bera hitann og þungann af framkvæmdunum á svæðinu. Maður er líka farinn að sakna þess verulega að geta ekki hitt fólk og spjallað um landsins gagn og nauðsynjar og veit ég að ég er ekki einn um það að þrá að geta notið mannlífs og menningar í okkar góða landi.

Tímabundið ástand

Suðurland hefur að mörgu leyti verið í fararbroddi þegar kemur að uppbyggingu metnaðarfullrar ferðaþjónustu á Íslandi síðustu ár. Höggið var því mikið þegar milljóna ferðamanna nýtur ekki lengur við. Maður verður reglulega að minna sig á að þetta sé tímabundið ástand og mikilvægt að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu markvissar og miði að því að vernda störf og skapa. Atvinnuleysi er eitru í beinum okkar Íslendinga og leggjum við í ríkisstjórninni allt kapp á að brúa það bil sem verður óhjákvæmilega þegar ferðaþjónusta í öllum heiminum er í frosti. En eins og það er víst að það vorar þá er víst að þegar tök nást á heimsfaraldrinum þá fjölga gestakomum til Íslands enda hefur landið upp á mikið að bjóða, náttúruna, menninguna og þær góðu aðstæður sem framsýnt og metnaðarfullt fólk í ferðaþjónustu hefur byggt upp á síðustu árum og áratugum.

Stuðningur við sveitarfélög

Ég hef lagt mikla áherslu á gott samstarf við sveitarstjórnarstigið frá því ég settist í stól samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og þegar efnahagslegar afleiðingar faraldursins tóku að bíta hefur það samstarf og samvinna styrkst mjög. Hluti af því hefur verið víðamikil greiningarvinna á stöðu og horfum sveitarstjórna- stígsins en einnig beinar aðgerðir til að styðja við þau sveitarfélög

Sigurður Ingi Jóhannsson
formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



sem hafa orðið fyrir mesta höggi- nu. 250 milljónum var veitt í verkefni á Suðurnesjum þar sem ástandið er alvarlegast og 150 milljónum til sex sveitarfélaga, fimm á Suðurlandi auk Skútustaðahrepps fyrir norðan.

Verkefni sem búa okkur undir bjartari framtíð

Ráðstöfun þeirra fjármuna sem runnið hafa til fimm sveitarfélaga á Suðurlandi var ákveðin í góðu og gefandi samstarfi við sveitarfélögin sjálf, Bláskógabyggð, Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra, Skaftárhrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð. Meðal átaksverkefnanna má nefna sérstakan stuðning við erlenda ríkisborgara, sögustíg í Vík, Errósetur á Kirkjubæjarklaustri, vinna með eldri borgurum í Bláskógabyggð, hönnun hjólréiðastíga og heilsueflandi samfélag í Rangarþingi eystra og atvinnuskapandi átaksverkefni og aðstaða fyrir störf án staðsetningar á Höfn í Hornafirði. Þessi verkefni öll og fleiri sem komin eru í gang koma ekki í staðinn fyrir ferðaþjónustuna en ég er sannfærður um að þau styrkja samfélögin og búa undir tímann þegar allt fer í gang að nýju. Og það er óhætt að segja að það styttist í það með hverjum degi sem líður.

Óhrædd og reynslunni ríkari

Ég er bjartsýnn að eðlisfari. Og síðustu mánuðir hafa styrkt þann eiginleika því ég hef fundið hjá þjóðinni samhug og kraft sem ég held að verði einstaklega gott veganesti inn í framtíðina. Við eigum nú mörg í minningabankanum gott íslenskt ferðasumar þar sem ég held að margir hafi kynnst landinu sínu, sumir í fyrsta sinn og aðrir kynnst því upp á nýtt. Með þessa reynslu sem faraldurinn hefur dembt yfir okkur munum við taka framtíðinni opnum örnum, óhrædd og reynslunni ríkari.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



EFLA leitar að metnaðarfullum og áhugasömum starfsmanni í fagteymið þéttbýlistækni á starfsstöð EFLU á Suðurlandi (Selfossi). Í teyminu er unnið að margvíslegum verkefnum sem snúa að gatna- og veitukerfum, mæliblöðum og kortagerð, mælingavinnu, verkefnastjórn og eftirliti með framkvæmdum.

STARFSSVIÐ

- Mælingar og úrvinnsla þeirra
- Mæliblöð og kortagerð
- Líkangerð, skýrslugerð og samskipti við viðskiptavinum og hagaðila
- Verkefnavinna og ráðgjöf tengd þéttbýlistækni

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í verkfræði, tæknifræði eða landfræði
- Reynsla af mælingum og kortagerð
- Reynsla af þéttbýlistækni eða áhugi á sérhæfingu innan fagsins
- Framúrskarandi hæfni til samskipta og samvinnu
- Góð færni í textagerð og miðlun upplýsinga
- Hæfni í ensku og þekking á Norðurlandamáli er kostur

Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og sam- ábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Á EFLU starfa fleiri karlar en konur og hvetjum við því konur sérstaklega til að sækja um. EFLA vill fá til liðs við sig kraftmikið, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk sem skapar fram úr á sínu sviði. Við vinnum fjölbreytt verkefni í teyminum þvert á svið og svæði. Við bjóðum upp á afbragðs starfsumhverfi og góðan starfsanda.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum vef EFLU, www.efla.is/laus-storf, fyrir 9. nóvember 2020. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Daníelsson, svæðisstjóri EFLU á Suðurlandi (od@efla.is).

412 6000

efla.is

Ráðning á framkvæmdastjóra og rannsókn- og þróunarstjóra Orkídeu

Gengið hefur verið frá ráðningu á framkvæmdastjóra og rannsókn- og þróunarstjóra Orkídeu. Orkídea er samstarfsverkefni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landsvirkjunar, Landbúnaðarháskóla Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um nýsköpun á Suðurlandi. Annars vegar er það Sveinn Aðalsteinsson sem verður framkvæmdastjóri og Helga Gunnlaugsdóttir sem verður rannsókn- og þróunarstjóri. „Ég tel að aukin áhersla á nýsköpun á Suðurlandi tali beint inn í þá landkosti og mannað sem svæðið býður upp á. Áhugi samfélagsins á nýtingu grænnar orku til matvælaframleiðslu hefur aukist mikið sem er mjög ánægjulegt. Hér á Suðurlandi er mikil reynsla af hátækni-matvælaframleiðslu og öflugir frumkvöðlar sem ég hlakka mjög til að vinna með. Okkur eru allir vegir færir,“ segir Sveinn sem er spenntur að takast á við ný og spennandi verkefni.

Helga Gunnlaugsdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri Orkídeu segir: „Ég hef mikinn áhuga á að gera íslenska matvælaframleiðslu umhverfisvænni með nýtingu grænnar orku og stuðla að nýsköpun og verðmætasköpun á sviði matvælaframleiðslu með sjálfbærni og hringrásarhagkerfið að leiðarljósi og hlakka mikið til að beita þekkingu minni og reynslu við að takast á við ný verkefni. Ég tel að Ísland eigi mikla möguleika á að takast á við samfélagslegar áskoranir sem tengjast fæðuöryggi, sjálfbærni og umhverfismálum með aukinni nýtingu á grænni orku og vil leggja mitt af mörkum til að svo megi verða.“

Sveinn starfaði áður sem m.a. framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem sérfræðingur og framkvæmdastjóri



um uppbyggingu ylreктar á Hellisheiði, framkvæmdastjóri Starfsafls starfsmenntasjóðs, skólameistari Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann hefur setið í fjölmörgum stjórnunum s.s. í stjórn Háskólafræðslu Suðurlands og Fræðslunets Suðurlands og tekið þátt í fjölmörgum verkefnum á sviði náttúrunýtingar og ylreктar.

Sveinn útskrifaðist með B.Sc. gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands, doktorspróf, Ph.D., í plöntulífefðisfræði frá Lundi í Svíþjóð, docent titil við sænska landbúnaðarháskólann og M.Sc. gráðu frá Háskóla Íslands með áherslu á stjórnun og stefnumótun.

Helga hefur starfað hjá Matis í 14 ár þar sem hún hefur tekið þátt í fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum rannsóknverkefnum sem tengjast nýsköpun og rannsóknunum á sviði matvælaframleiðslu og lýðheilsu. Helga hefur verið gestaprófessor við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands frá 2012.

Helga er með B.Sc. gráðu í matvælafræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. gráðu í matvælafræði frá Tækniháskólanum í Nova Scotia í Kanada og dokt-



orspróf í matvælafræði frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð.

Nánar um Orkídeu

Orkídea snýst um uppbyggingu orkutengdra tækifæra framtíðarinnar á Suðurlandi, til dæmis við matvælaframleiðslu og líftækni, sjálfbæra nýtingu auðlinda, sprotastarfsemi og að undirbúa svæði til að taka á móti orkutengdri nýsköpun. Eitt meginmarkmiðið samstarfsins er að auka verðmætasköpun í matvælaframleiðslu á Suðurlandi og gera framleiðsluna umhverfisvænni með nýtingu á grænni orku sem býr þannig til tækifæri fyrir íslenska matvælaframleiðendur til að vera samkeppnishæfir á alþjóðamarkaði. Ætluin er að stuðla að aukinni nýsköpun og rannsóknunum á sviði hátækni-matvælaframleiðslu með öflugum samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf og fjölga möguleikum svæðisins til að takast á við áskoranir samtímans og gera Suðurland leiðandi þegar kemur að samspili orku, umhverfis og samfélags.

Heiti samstarfsverkefnisins, Orkídea, vísar bæði til grænu orkunnar og til þeirrar hugmynda – ídea – sem spretta upp í frjóum farvegi.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Hrafn Magnússon.**

Takk fyrir þetta Brói, en við hjónin erum mikið fyrir að elda góðan mat og höfum gaman af að prófa nýja rétti. Hér er einn góður réttur sem hentar vel á þessum árstíma og nú þegar allir hafa góðan tíma í covid.

Svínaskankar hægeldaðir í bjór

- 2 svínaskankar
- 2 tsk. salt
- 1 tsk. kúmen
- 2 marin hvítlausrif
- 2 laukar skornir í þykkar sneiðar
- 2 epli kjarnhreinsuð og skorin í fjóra hluta
- 4 bökunarkartöflur skornar í stóra báta
- ½ ltr. góður dökkur bjór (ekki stout)
- ½ ltr. sjóðandi vatn
- ¼ ltr. rjómi

Ofninn er hitaður í 220°C. Skurðir eru skornir í húðina eins á purusteik. Salti, kúmeni og hvítlauk er blandað saman í skál og síðan er kryddinu nuddað vel í skankana. Mjög gott er að passa að kryddið fari vel inn í skurðina á purunni. Lauksneiðunum er komið fyrir í botninum á steikarfati og skankarnir settir ofan á þær svo sneiðarnar myndi sæti fyrir skankana. Þeir eru steiktir í ofninum í 30 mínútur. Þá er fatið tekið úr ofninum og kartöflunum og eplunum komið fyrir í kringum skankana. Helmingnum af bjór-



um er hellt yfir skankana og einu glasi af köldu vatni hellt í fatið. Ofnhitinn er lækkaður í 170°C og bakað áfram í 2 klukkustundir. Hitinn er svo hækkaður aftur í 220°C og restinni af bjórnum hellt yfir skankana og þeir eldaðir áfram í 30 mínútur. Fatíð er tekið úr ofninum og epla- og kartöflubátarnir ásamt lauknum sett í skál. Skankarnir eru færðir á skurðarbretti og látnir jafna sig meðan sósan er búin til.

Sósan

Hálfum lítra af sjóðandi vatni er hellt í fatið með steikarsafanum og það soðið niður til að búa til sósu. Þegar vökvinn hefur soðið nokkuð niður er gott að hella smá rjóma í soðið og þykkja það eftir þörfum.

Kjötið skorið niður og borið fram með sósunni, eplabátunum, kartöflunum og lauknum.

Með þessu er gott að drekka góðan bjór eða rauðvín.

Vil skora á formann Ungmannafélagsins Trausta og kjötmeistara Íslands, Bjarka Frey Sigurjónsson að vera næsti matgæðingur. Veit að hann á ýmislegt í pokahorninu þegar kemur að mat.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Leikskólinn Örk tekur þátt í verkefninu Jól í skókassa í 10. sinn

Í 10 ár hefur Leikskólinn Örk tekið þátt í verkefninu *Jól í skókassa*. Í leikskólanum hafa að þessu sinni safnast 21 kassi í verkefnið en kassarnir eru svo sendir til barna í Úkraínu sem minna mega sín.

Foreldrafélagið leggur til 1000 kr. í hvern kassa sem er kostnaður við verkefnið. Foreldrar og börn hafa komið með hluti eins og tannbursta, nammi og dót í kassana. Hlutirnir mega vera notaðir eða nýir. Á deildunum hafa börnin tekið þátt í að setja og velja hlutina í kassana. Eldri börnin fengu nánari útskýr-

ingar á verkefninu og tala um börnin sem munu fá gjafirnar og afhverju er verið að safna fyrir þau.



82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

*samkvæmt Gallup-könnun okt. – nóv. 2018

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er talin okkar jarðar æðsta vera.
Óvin sinn mig allir gera.
Oftast þarf ég reyfi að bera.

Svar við gátu í bláði 2570: **GARÐUR.**
1. lína: Útgardur - 2. lína: Heygardur
3. lína: Norðangardur



Guðbjörg Hulda Albertsdóttir



Guðjón Bjarni Hálfánarson



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUÖGIN

Við viljum heyra frá þér

Við veitum alla þjónustu í síma, netspjalli og tölvupósti.

440 2470 | sudurland@sjova.is



Guðmundur Karl Sigurdórsson



SJÓVÁ

Viltu læra á hljóðfæri?

- Það er hollt fyrir heilann!



Örfáar klst. eru lausar á Selfossi fyrir nemendur á málmblasturshljóðfæri, fiðlu og píanó. Áhugasamir sækji um rafrænt á heimasíðu skólans, www.tonar.is. Frekari upplýsingar má fá í síma 482 1717.



Tónlistarskóli Árnesinga · Eyravegi 9, 800 Selfossi
Sími 482 1717 · www.tonar.is · tonar@tonar.is



Auglýst eftir umsóknum um styrki frá Selfossveitum bs. vegna varmadælna

Selfossveitur bs. áforma að veita styrki til eigenda og íbúa fasteigna með fasta búsetu í Sveitarfélaginu Árborg í því skyni að setja upp varmadælur. Markmiðið er að draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi hitaveitu Selfossveitna nær ekki til.

Fjárframlag til úthlutunar er í samræmi við fjárhagsáætlun Selfossveitna bs. vegna ársins 2021 eða allt að 800.000 kr. fyrir hvern umsækjanda, íbúðarhúsnæði, sem samþykkt er. Ekki verða veittir fleiri styrkir en fimm ár hvert. Ef heildarfjárhæð umsókna reynist hærri en styrkur til úthlutunar skv. fjárhagsáætlun verður dregið á milli gildra umsókna.

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Selfossveitna, Austurvegi 67, undirritaðri umsókn um styrk og geri í umsókninni grein fyrir hvaða framkvæmd stefnt er að, áætluðum orkusparnaði, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á umhverfið og áætlaðan kostnað.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 25. nóvember 2020. Einungis eru teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Selfossveitna bs. kveða á um.

Nánari upplýsingar og úthlutunarreglur má finna á vef Sveitarfélagsins Árborgar, www.arborg.is. Jafnframt má senda fyrirspurnir á netfangið sigurdur@arborg.is.

Minningargrein:

Sólin gægist gegnum ský

Skáldið, listamaðurinn og smíðurinn Jóhann P. Guðmundsson (Jói í Stapa) er Sunnlendingum vel kunnur. Jói í Stapa fæddist í Skagafirði 22. janúar 1924 og sat yfir á 11 ára, sennilega síðasti smalinn í Skagafirði.

*Vindur svarar hjúkum háu,
hlíðin dala birtir sýn.
Hér um bala og lautir lágu
léttu smalaspörin mín.*

Jói byrjaði ungur að yrkja. Skáldagáfan var það sem hann var einna þekktastur fyrir og var manna fljótastur að setja saman dýra bragi. Í kveðskapnum birtist jafnan ást hans á náttúrunni, fjöllum og hestamennsku.

*Eigum leið um auðn og grjót,
öldur, skeið og fláa.
Frjálstan breiðir faðminn mót
fjallaheiðið bláa.*

Jói lærði ungur, við tíða búflutninga og fátækt, að gera gott úr hlutunum og var það hans aðalsmerki þótt drjúgum hafi hann stritað um ævina og oftast búið þar sem smíða átti hverju sinni.


*Þó að birgi þokan grá,
þá má fegurð dreyma,
meðan ögn af æskuþrá,
aldin hjórtu geyma.*

*Eftir vætu og veðragný,
sem varnar sýn til fjalla.
Sólin gægist gegnum ský
og glæðir hugsun alla.*

Jói flutti á Suðurland 1986, var eftirsóttur smíður og vinamargur. Hann gaf út tvær bækur með kveðskap sínum, *Axarsköft* og *Ný Axarsköft*.

*Fólna blómín, fjarri er raust
fugla og þyngist sporíð
ef að kæmi aldrei haust
engir þráðu vorið.*

Jói var forspraki ásamt föður mínum, Inga Heiðmari Jóns-



syni, í því að koma á hagrýðingamótum sem haldin voru árlega í 23 ár vítt um land. Þar naut Jói félagsskapar vina sinna og velunnara stökunnar.

*Virkjum anda okkar rétt
allan vanda þrengjum.
Milli stranda ljúft og létt
ljóðabandið tengjum.*

Síungur sinni Jói smíðunum og hestamennsku þar til ellin tók yfir. Hann reið síðast yfir Sprengisand árið 2004 og gerði sér heimili í Varmahlíð þar sem hann bjó síðasta spölinn.

*Áfram rið ég ótrauður
öllu hafna grandí
yndi er að vera áttæður
uppi á Sprengisandi.*

Jói í Stapa lést að morgni 20. október sl. í Skagafirðinum sínum kæra. Við fregnir af mínum kæra vini og fósturafa var mér lítið út um gluggann. Þrátt fyrir frost í jörðu og hrím yfir öllu braust sólin í gegnum skýin til að ylja og gleðja, rétt eins og Jói gerði hvar sem hann kom þrátt fyrir að hafa lifað tímana tvenna.

Nótt

*Landið reifast rökkurböndum,
roða á hafjð slær.
Inn til dala og út með ströndum
andar mildur blær.
Hljóðnar y sinn, söngfugl sefur,
sveitin hvílist rótt.
Hug minn sér að hjarta vefur
hljóð og kyrrlát nótt.*

*Þegar öll er æviganga
andans gróa sár.
Léttur, blíður blær á vanga
beiskust þerrar tár.
Þá er lokið hryggð og harmi
og huga mínum rótt.
Þrýsti ég höfði að þínum barni
þögla, kyrra nótt.*

Megi minning hans lifa í hjórtum okkar og kvæðum hans.

Halla Ósk Heiðmarsdóttir



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar sambýliskonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Fríðar Esterar Pétursdóttur

Sóltúni 29, Selfossi

áður Laugargerði Biskupstungum.

Reynir Ásberg Níelsson

Pétur Hjaltason

Erlingur Hjaltason

Hafsteinn Hjaltason

Jakob Hjaltason

Guðbjörg Hjaltadóttir

Marta Hjaltadóttir

Rut Fjölnisdóttir

Sjöfn Ólafsdóttir

Anna Kristín Kjartansdóttir

Alice Petersen

Björgvin Snorrason

Þór Guðnason

og fjölskyldur.



Fáðu næsta pakka á N1 Selfossi eða N1 Hveragerði



Renndu við þegar þér hentar

Nú geturðu valið að sækja sendinguna þína frá netverslunum ELKO, ASOS o.fl. á N1 Selfossi og N1 í Hveragerði. Við tökum netverslunina alla leið svo þú getur strax byrjað að hlakka til næsta pakka!

440 1000 n1.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Vilt þú gerast dagforeldri í Árborg?

Auglýst er eftir einstaklingum sem hafa áhuga á að gerast dagforeldrar í Sveitarfélaginu Árborg. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi verktafar en umsjón og eftirlit með starfsemi þeirra sem og ráðgjöf til dagforeldra og foreldra er á vegum sveitarfélagsins.

Við vekjum athygli á að niðurgreiðsla er 65.000 kr. fyrir 8 tíma vistun barns. Jafnframt er dagforeldrum veittur stofnstyrkur að fjárhæð kr. 100.000 miðað við að dagforeldri sé með leyfilegan hámarksfjölda barna í gæslu.

Ef þú hefur áhuga á að gerast dagforeldri í Árborg má finna umsóknareyðublað inni á *Mín Árborg*, rafrænni íbúagátt á arborg.is.

Frekari upplýsingar veitir í síma 480 1900 Björg Maggý Pétursdóttir, ráðgjafi, netfang: bjorgm@arborg.is eða Guðný I. Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi, netfang: gir@arborg.is



Danijel Majkić áfram á Selfossi!

FÓTBOLTI Danijel Majkić hefur framlengt samning sinn við Selfoss um ár og mun því spila með liðinu í Lengjudeildinni næsta sumar. Þetta er mikið fagnaðar-

efni enda sýndi Danijel gæðin sem hann býr yfir á vellinum í sumar. Danijel spilaði 22 leiki og skoraði í þeim þrjú mörk.

Allt íþróttastarf fellur niður

Eftir að nýjar sóttvarnaráðstafanir voru kynntar í dag er ljóst að allt íþróttastarf fellur niður næstu 2-3 vikurnar eða til 17. nóvember.

Samkvæmt reglum, sem tóku gildi á miðnætti í 31. ok., verður íþróttastarf verður

óheimilt og sundlaugum lokað um allt land. Til viðbótar þrengjast fjöldatakmörkanir úr 20 manns í 10. Reglur eru hertar og ná jafnt til barna sem fullorðinna, einungis börn fædd 2015 og yngri eru undanþegin 2 metra reglu og grímuskyldu.

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Lengjudeildin 2021!

FÓTBOLTI Karlalið Selfoss hefur tryggt sér sæti í Lengjudeildinni næsta sumar eftir að liðið hafnaði í öðru sæti 2. deildar í sumar. Tímabilið hefur verið langt og strangt en það er rúmlega ár síðan undirbúningurinn fyrir sumarið 2020 hófst. Leikmenn hlaða nú batterið áður en undirbúningurinn fyrir Lengjudeildina hefst mjög fljótlega. Hrvoje Tokic endaði sem markakóngur 2. deildar með fimmtán mörk í jafnmörgum leikjum.



Sindri Freyr Seim Sigurðsson Íþróttamaður Rangárbings ytra 2019

Sindri Freyr hefur verið valinn úr hópi tilnefndra sem íþróttamaður Rangárbings ytra 2019 en það er heilsu-, íþrótt- og tómstundanevnd sem ákveður hver það er sem hlýtur titilinn eftir tilnefningar frá íþróttafélögum í sveitarfélaginu. Þar sem öllum viðburðum þar sem til stóð að veita viðurkenninguna á þessu ári var aflýst var brugðið á það ráð að heimsækja Sindra Frey og afhenda honum viðurkenninguna.

Sindri Freyr er 17 ára, einn efnilegasti frjálsíþróttamaður landsins og er hann í úrvalshópi Frjálsíþróttasambands Íslands.

Sindri Freyr hefur á árinu 2019 keppt á 19 mótum og sett á þeim 10 HSK-met. Metin setti hann í 200 metra hlaupi, 4x200 metra hlaupi og svo 4x10 0m hlaupi. Innanhúsmótin voru alls 8 og utanhúsmótin 11.



Helsta afrek Sindra á árinu 2019 var að hlaupa 200 metra hlaup á Gautaborgarleikunum þar sem keppendur koma allstaðar að innan Evrópu. Þar hljóp Sindri á 22,97 sek. í mót-vindi uppá -1,6 sem er mikill mót-vindur, þar varð hann í 6.

sæti af 61 keppenda. Þar bætti hann 32 ára gamalt HSK-met Ólafs Guðmundssonar í flokki 18-19 ára.

Sindri Freyr hefur sett sér háleit markmið og það verður svo sannarlega áhugavert að fylgjast með honum í framtíðinni.

Endurnýjaður samstarfssamningur við Ungmennafélagið Heklu



Á dögunum var endurnýjaður samstarfssamningur við Ungmennafélagið Heklu. Ungmennafélagið var stofnað þann 26. júlí 1908 og er með elstu Ungmennafélögum landsins. Félagið heldur úti fjölbreyttum æfingum fyrir yngri aldurshópa og má þar nefna frjálsar íþróttir, línu-skauta, körfubolta, tækwondo, fimleika og blak svo eitthvað sé nefnt.

Samningnum er ætlað að efla samstarf milli sveitarfélagsins Rangárbings ytra og Umf. Heklu. Meginmarkmið er að viðhalda öflugum og fjölbreyttu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir grunnskólabörn í sveitarfélaginu og treysta starfsemi Umf. Heklu. Iðkendur hjá Umf. Heklu í Rangárbingi ytra á aldrinum 18 ára og yngri erum um 160.

Samningurinn hljóðar uppá árlega greiðslu til Umf. Heklu að upphæð 2.750.000 kr. auk allrar aðstöðu sem félagið þarf til íþróttaiðkunar í samráði við forstöðumann íþróttamiðstöðvar. Samningurinn tekur við af eldri samningi sem rann út í lok árs 2019.

Viðbygging við íþróttahúsið sem hýsir m.a. áhaldageymslu hefur eflt starfsemi Umf. Heklu sem og aukasalur sem þar er.

Það voru þeir Guðmundur Jónasson formaður Ungmennafélagsins Heklu og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárbings ytra sem undirrituðu samninginn.

**5ÁRA
ÁBYRGÐ**

FIAT SENDIBÍLAR GERIÐ SAMANBURÐ!



PROFESSIONAL

fiatprofessional.is



FIAT DOBLO

- 1.3 dísel 95 hestöfl
- 5 gíra beinskíptur
- 3ja manna
- 3,4m³/4,2m³* flutningsrými
- 750 kg/900 kg* burðargeta

*Doblo Maxi langur



FIAT DUCATO LANGUR

- 2.3 dísel 140 hestöfl
- 9 gíra alvöru sjálfskipting
- Mjög vel útbúinn, m.a.: Bakkmyndavél, leiðsögukerfi, hraðastillir, 3ja manna
- 13m³ flutningsrými
- Burðargeta 1200 kg

DUCATO

RAFMAGNSBÍLL

Ducato e 47 kWh allt að 222 km drægni
Ducato e 79 kWh allt að 360 km drægni

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskodanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

TIL LEIGU

Íbúð til leigu í Hveragerði
Ný stúdíóíbúð til leigu í Hvera-
gerði. Leigist með húsgögnum
og heimilistækjum, ef fólk vill.
Laus 1. nóvember. Nánari uppl.
síma 860 1957.

TIL SÖLU



Glæsilegur bókasápur

Stór bókasápur til sölu.
Skápurinn er settur saman úr
tveimur hlutum, hægt að nota
saman eða í sitthvoru lagi. Er í
góðu ástandi. Efri hluti er með
glerrennihurðum. Breidd: 180
cm. Hæð: 220 cm. Dýpt: 45 cm.
Verð 70.000 kr., en skoða öll til-
boð. Nánari uppl. í síma 866
3043 (Björgvin).



Náttúrugöngur auka lífsgæði og vellíðan

Áð ganga úti í náttúrunni
Askapar vellíðan, eykur
góða skapið og minnkar kvíða.
Við þurfum að gefa okkur að
minnsta kosti um 30 mínútur
á dag til að vera úti og hreyfa
okkur. Í Hveragerði eru fjöl-
margar skemmtilegar og fallegar
gönguleiðir og er tilvalið að
fjölskyldan fari í göngu saman
eða bara að njóta þess að ganga
einn með sjálfum sér og anda
að sér fersku lofti. Það er best
að ganga af krafti eða að ganga
á mismunandi hraða. Tilvalið
að miða hraðaskiptin við ljósa-
staura: fara hratt á milli tveggja
staura og hægur á milli næstu
tveggja, 10 sinnum. Um leið
eykst einbeiting, þol og vöðva-
styrkur. Einnig má taka mislöng
skref, fara upp og niður brekku
og/eða lyfta hnjám í átt að kvið
til skiptis.

Á heimasíðu Hveragerðis-
bæjar má finna upplýsingar um
fjölbreyttar gönguleiðir í og
við bæinn. Hver leið hefur sinn
sjarma en við getum t.d. valið að
fara heilsuhringinn sem liggur

meðfram Reykjafjalli, sögu-
hringinn sem segir atvinnu- og
listasögu bæjarins, hugleiða í
steininum „Þetta líður hjá“ eða
ganga á Hamarinn. Það er til-
valið að búa til þrautir eða get-
raun fyrir unga fólkið sem hvetur
til að leita að upplýsingum á
skiltunum í Lystigarðinum eða á
söguskiltunum.

Í lok sumars lauk frágangi á
upplýstum göngustíg/tröppum
upp Hamarinn að austanverðu.
Það er ótrúlega fallegt að fara í
ljósaskiptunum upp Hamarinn
og horfa yfir bæinn. Oftar en
ekki býður litadýrd himinsins
upp á listaverkasýningu sem
skapar tækifæri til að njóta,
hlusta á náttúruna, hugleiða og
gleyma stund og stað.

Munum að hreyfing þarf ekki
að vera flókin – einfaldleikinn er
oft bestur.

Njótum lífsins og höfum
gaman saman.

Jóhanna M. Hjartardóttir
menningar- og frístundafulltrúi

Vindorku-
garður á
Grímsstöðum
í Meðallandi


Háfið er mat á umhverfis-
háfrifum vindorkugarðs á
Grímsstöðum í Meðallandi.
Qair Iceland, framkvæmdar-
aðili verksins, fól ráðgjöfum
Mannvits og Biotope að
vinna mat á umhverfisáhrifum
framkvæmdarinnar. Í
drögum að tillögu að matsá-
ætlun er fyrirhugaðri fram-
kvæmd lýst og fjallað um þá
umhverfisþætti sem teknir
verða fyrir í mati á umhverfis-
áhrifum. Vegna COVID-19
aðstæðna hefur fyrirhugu-
ðum opnum kynningarfundum
verið frestað. Öllum er frjálst
að senda inn ábendingar eða
athugasemdir bréfléiðis á
neðangreint pósthfang eða
með tölvupósti á netfangið
haukur@mannvits.is.



470 ár frá aftöku Jóns Arasonar

Þann 7. nóvember verða liðin
470 ár frá aftöku Jóns bisk-
ups Arasonar og sona hans Ara
og Björns. Þennan dag hefur oft
verið efnt til tónleika og oft hafa
margir kórar, organistar og annað
tónlistarfólk komið að því. Vegna
aðgerða okkar allra í miðjum

heimsfaraldri verður athöfnin
látlaus og aðeins verða tveir til
þrjú tónlistarmenn viðstaddir auk
biskupsins, sr. Kristján Björns-
sonar. Tónleikunum og hug-
leiðingunni verður streymt opið
á Facebook-síðu Skálholts og
verður ókeypis inn á það. Eftir
stundina í Skálholtsdómkirkju
munu þau fáu sem verða við-
stödd ganga með blys að minnis-
varðanum og tendra þar minn-
ingarkerti. Herra Jón Arason
kom tvisvar í Skálholt að freista
þess að taka þar völdin í nafni
trúar sinnar og ættjarðar á þeim
árum sem Ísland var að ganga í
gegnum siðbótina. Bæði skiptin,
árið 1548 og 1550, var það í tíð
Marteins Einarssonar sem var
annar lútherski biskupinn í Skál-
holti. Er enn þekkt þau kenni-
leiti sem tengist þessum ferðum
og nægir að nefna Fornastuðul
við Biskupstraðir þar sem herra
Jón sló upp tjöldum, Virkishól
þar sem sagt er að heimamenn
hafi varist og að lokum minnis-
varðinn um herra Jón sem reistur
var á ætluðum aftökustað árið



1927. Minnisvarðinn stendur
við Þorlákshöfn um miðja veginu
milli Fornastuðuls og Þorlákshöfnar.
Fólk á ferð er velkomið í
Skálholt og veitingastaðurinn er
opinn innan sóttvarnamarka en
hvatt er til allrar varkárni í ljósi
veirunnar. Kirkjan, sögusýningin
í kjallara hennar og Þorlákshöfn
eru opin alla daga milli kl. 9 og
18 og minjarnar utandyra eru
allar merktar fyrir þau sem vilja
gangna um svæðið.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Laugardaginn 7. nóvember kl.
16 verða tónleikar í streymi,
hugleiðing og bæn til minningar
um herra Jón Arason sem lét
lífið þennan dag í Skálholti fyrir
470 árum. Jón Bjarnason á orgel
og Páll Palomares á fiðlu.
Sr. Kristján Björnsson.

TUNGUMÁL

Ertu spænskumælandi?
Óska eftir að komast í spænsku-
mælandi aðila til að hringja miklu
meira en mikilvæg skilaboð til
Spánar. Greiði 100.000 kr. fyrir
milligönguna. Uppl. í síma 483
3568.



Blautklútar eiga heima í ruslinu!

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar Rangárbings ytra benda íbúum á að blautklútar eigi ávallt heima í sorpinu. „Síðustu tvær vikur hefur magn blautklúta, sem hent er í salerni, aukist margfalt. Þar af leiðandi hafa dælurnar verið að stíflast sem felur í sér mikla vinnu og getur kostnaðurinn hlaupið á hundruðum þúsunda í hvert skipti. Blautklútar eiga alltaf heima í ruslinu, hvort sem þeir eru notaðir á andlit og líkama eða til þrifa og sótthreinsunar. Tökum höndum saman og hættum að setja hluti í klósettin sem eiga heima í ruslafötunum,“ segir í tilkynningu frá starfsmönnum þjónustumiðstöðvarinnar.

Kirkjuhvoll fær fjölþjálf með fylgihlutum að gjöf

Í dag tók Kirkjuhvoll formlega við höfðinglegri gjöf frá Kvenfélaginu Bergþóru í Vestur-Landeyjum og Minningasjóði Kirkjuhvols. Gjöfin er Nustep T5XR fjölþjálf með fylgihlutum. Kvenfélagið Bergþóra gefur þessa gjöf í minningu fyrrum formanns kvenfélagsins, Hildi Ágústsdóttur frá Klauf, sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf. Hildur lést 28. júní sl. og hafði þá dvalið á Kirkjuhvoli í rúm 6 ár. Það er von kvenfélagskvemma að gjöf þessi eigi eftir að nýtast heimilisfólki vel til að viðhalda og auka hreyfingu sína og stuðla þannig að bættum lífsgæðum. Kirkjuhvoll þakkar kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf og þess má geta að gjöfin kom í hús á afmælisdegi Hildar þann 13. október sl. en þann dag hefði hún orðið 85 ára. Minningarkort Kirkjuhvols er hægt að nálgast á Kirkjuhvoli, nánari upplýsingar í síma 487 8108. Meðfylgjandi mynd er af tækinu ásamt Karin Jónsdóttur, íbúa Kirkjuhvols.



Austurbyggð 2

- kynning tillögu aðalskipulagsbreytingar



Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Um er að ræða svæði sem afmarkast af Gaulverjabæjarvegi í austri, hesthúsahverfi í norðri og vestri, og fyrirhugaðri íbúðarbyggð í Austurbyggð II í suðri.

Breytingin felur í sér stækkun íbúðarsvæðis í landi Dísarstaða um 5,8 ha. og samsvarandi minnkun hesthúsasvæðis. Göngu- og hjólastígur, og reiðstígur á mörkum íbúðar- og hesthúsasvæðis færast og liggja á hesthúsasvæði á nýjum mörkum svæðanna. Reiðleið meðfram Austurhólum verður felld niður. Heimild er gefin fyrir tveimur nýjum aðkomum að íbúðarsvæðinu frá Austurhólum og/eða Suðurhólum sem útfærast nánar í deiliskipulagi.

Breytingartillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á vefsíðu Árborgar, www.arborg.is. Tillagan er einnig til sýnis á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, ef aðstæður vegna Covid-19 leyfa.

Spurningum og skriflegum ábendingum um tillöguna er hægt að koma á framfæri á netfangið skipulag@arborg.is. Ábendingar þurfa að berast fyrir 15. nóvember næstkomandi.

Virðingarfyllst,
Sigurður Andrés Þorvarðarson
skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

VÍNBÚÐIN HVERAGERÐI

Við leitum að aðstoðarverslunarstjóra

Við óskum eftir jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni

- Þjónusta við viðskiptavinum
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af verkstjórn
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma, jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember nk.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar: Ragnheiður Guðmundsdóttir, hveragerdi@vinbudin.is – 560 7887 og Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



Fjölbrautaskóli Suðurlands opnar kvöldskóla



Hlutur af námsumhverfi nemenda í tréidn. Skólinn þykir afar vel búinn tækjum og í góðu húsnæði. Það er ljóst að betri nýting fæst á húsnæði og búnað með kvöldskólanum.

Þær spennandi fréttir bárust úr herbúðum FSU að keyra ætti kvöldskóla í þremur fögum við skólann. Við hittum Olgu Lísu Garðarsdóttur, skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands og spurðum út í málið.

Fyrsta spurning: *Hvernig hefur skólastarfið gengið í haust?* „Skólastarfið í FSU hefur verið í samræmi við annað í samfélagi okkar núna á haustönn 2020, nemendur hafa margir þurft að halda sig að mestu heima og verið í fjarnámi. Aðrir hafa fengið að mæta eitthvað í skólann.“

Nú eruð þið að hefja nýtt kvöldnám. Getur þú sagt mér aðeins frá því? „Já, námið er nýtt átaksverkefni sem hefur verið sett á fót í kjölfar vaxandi atvinnuleysis. Verkefnið er í umsjá mennta- og félagsmálaráðuneyta, „Nám er tækifæri“, námsúrræði í starfs- og tækninámi fyrir fólk sem hefur misst vinnuna í kjölfar Covid 19 faraldursins,“ segir Olga.

Stefnt er að því að setja af stað kvöldnám í FSU fyrir þá sem misst hafa vinnuna og eru á skrá hjá Vinnuálastofnun eða hafa ekki komast að í dagskóla fram til þessa. Umsækjendur þurfa jafnframt að vera orðnir 20 ára eða eldri. Nú miðast þetta við að fólk sé án atvinnu og komi í gegnum Vinnuálastofnun, verður þetta útvíkkað þannig að fleiri geti sótt námið?

Við sjáum í hendi okkar að við þurfum að hafa að minnsta kosti 12 einstaklinga til að keyra námið. Við sjáum því ekkert til fyrirstöðu að fylla upp í það með fólk sem kemur inn með öðrum hætti, sé pláss fyrir það.

Aðspurð með fyrirkomulag námsins segir Olga: „Fyrirkomulag námsins er að kennt verður 4 daga í viku í u.þ.b. 3 klst. í senn, frá kl. 16:15-19:30 mán. – fim. og 4 tíma á laugardagsmorgnum. Nánara fyrirkomulag um kennsluna mun liggja fyrir þegar umsóknir fara að berast. Til að byrja

með er ætlunin að bjóða nám í húsmásmiði og rafvirkjun sem þegar er kennt í dagskóla. Að auki verður boðið upp á glænýtt nám við skólann, tækniteikun en það nám er eingöngu hægt að stunda við Tækniskólann eins og er. Verklef aðstaða fyrir þessar námsgreinar er með því besta sem gerist og munu nemendur því fá fullkomna aðstöðu til námsins. Vel menntaðir kennarar eru við skólann í þessum námsgreinum sem eru tilbúnir í verkefnið.“

Á haustdögum voru samþykkt lög frá Alþingi um að fólk á bótum mætti vera í fullu námi á vorönn '21 án þess að atvinnuleysisbætur væru skertar. Þetta svigrúm gefur verðandi nemendum tækifæri á að vera í fullu námi á sama tíma og á bótum. Áhugasömum er bent á að sækja um en opnað var fyrir umsóknir þann 1. nóvember sl. „Við teljum þessa nýbreytni vera mikla framför fyrir fólk á Suðurlandi og vonum við að vel verði tekið í hana með góðri aðsókn,“ segir Olga Lísa að lokum.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

BÓNFDGAR
Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Jiibbiíi
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eirisdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

BRACAF VINÁTTU!
BYKO Selfossi
Fæst hjá

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta
Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúvík Bergmann, Vöskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

Fjöruborðið
30% afsláttur ef þú sækir
S. 483 1550

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is